



# MYND2EH05

## Kennsluáætlun – vorönn 2016

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### **Kennarar áfangans:**

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustaragnarsdottir@gmail.com

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum munu nemendur kynna möguleikum á endurnýtingu í listsköpun og hönnun. Það reynir á hugmyndaflug og útsjónarsemi og nauðsyn þess að hugsa út fyrir rammann. Megin uppistaða í verkum nemenda verður hráefni, sem þeir afla sjálfir, hráefni sem annars ætti að henda eða er komin tími á að öðlist nýtt líf og annan tilgang.

### **Markmið áfangans:**

#### **Þekking**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi endurvinnslu í neytlusamfélagi nútímans.
- minnka úrgang og draga úr almennri hráefnisnotkun.
- að það leynast fjársjóðir víða.
- að aðeins hugmyndaflug hans sjálfs getur takmarkað möguleikana á því sem úr getur orðið þ.e. mikilvægi þess að hugsa út fyrir rammann
- að hægt er að búa til og skapa alvöru list- og nytjamuni úr endurunnu efni.

#### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að sjá fyrir sér þá möguleika sem felast í hinum ýmsa úrgangi.
- sjá eitthvað allt annað út úr ákveðnum hlut en hann var framleiddur til í upphafi.
- að virða efnið sem slíkt.
- að hleypa hugmyndafluginu frjálst um víðan völl og tamið það til að geta búið til og hannað spennandi verk úr því sem til fellur.

## Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- tileinka sér endurvinnsluhugsun í framtíðinni hvort heldur er á sviði lista eða annarra hluta.
- sjá möguleikana í þeim efnivið sem til kanna að falla.
- vinna fullbúin verk, hvort heldur er list- eða nytjamunir, svo gott sem eingöngu úr því hráefni sem til fellur.

## Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

## Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn í próflaus símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

## Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr. og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

## Vægi námsþátta í vetrareinkunn

- Hirsla (5%)
- Veggmynd (20%)
- Fylgihlutir (10%)
- Innsetning (20%)
- Ljós (25%)
- Timbur og málmur (20%)

## Tímaáætlun verkþátta

**1. Hirsla - 5% (3 kst):** Fyrsta vikan (kynning á áfanga í fyrsta tíma)

**2. Veggmynd – 20%: ( 12 kst): 11. - 28. jan.**

Einstaklingsverkefni þar sem hver nemandi býr til sína veggmynd.

**3. Fylgihlutir – 10%: (6 kst): 1. - 10. feb.**

Einstaklingsverkefni þar sem nemendur einbeita sér að gerð fylgihluta í afar víðum skilningi.

**4. Innsetning – 20%: (12 kst): 11. feb. - 7. mars**

Hópverkefni þar sem u.þ.b. 2-4 vinna saman. Rýmið til afnota er allur skólinn og þarf hver hópur að finna út hentugan stað fyrir sína innsetningu (ekki fyrir flóttaleiðum eða á öðrum stöðum þar sem það getur truflað eða er bókstaflega fyrir). Innsetningin þar svo að taka mið af sínu rými og verða skólanumt til sóma og skrauts. Ath. að ef einhver einstaklingur í hópnum er vanvirkur eða mætir illa uppsker hann ekki sömu einkunn og atorkusamir félagar hans fyrir vel unnið verk.

**5. Ljós – 25%: (15 kst): 9. mars - 11. apríl**

Einstaklingsverkefni þar sem hver nemandi hannar og býr til einhvers konar ljós þ.e. skerm, ljósakrónu, standlampa eða hvað svo sem hugarflugið býður upp á. Nemendur fá skaffað perustæði, rafmagnsúrú o.þ.h. en allt annað verður úr endurnýttu hráefni.

**6. Verk búið til að úr timbur- og málmföngum – 20%: (12 kst): 13. apríl - 11. maí**

Einstaklingsverkefni eða hópverkefni (nemendur ráða því sjálfir) þar sem nemendur geta leitað fanga t.d. í Hamri (timbur og málmur). Verkið getur getur tekið hvaða lögun sem er: veggverk, skúlptúr, innsetning o.s.frv. Ef nemendur ákveða að vinna í hópi verður vinnuframlagið og útkoman að endurspeglja fjölda í hópi.

## Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.
- Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.